

19. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

20. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI Gildistaka.

21. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Stykkishólmshöfn er samþykkt af hafnarstjórn þann 19. júlí 2004 og bæjarráði þann 28. júlí 2004 skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. ágúst 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Stykkishólmshöfn frá 1. júlí 2003.

Stykkishólmi, 28. júlí 2004.

Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Austur-Héraði.

Blómvangur 2, Egilsstöðum.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 16. júní 2003 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðarlóð að Blómvangi nr. 2 á Egilsstöðum, efra svæði.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 23. júlí 2004.

Dórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.